



LAUFBLADID

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands

9. árg. 2000 3. tbl. kr. 499-

Afmælisár að baki
Skógræktarfélag Árnesinga
Frægjöf Finnlandsforseta

ISSN 1605 5012



9 771605 501001



H R E I N T L O F T



H R E I N T V A T N



H R E I N J Ö R Ð



Búnaðarbankinn er stoltur af því að leggja þeim lið sem hafa framkvæði að því að skila hreinni og heilbrigðri íslenskt náttúru í hendur komandi kynslóða. Landgræðslan, Skógræktarfélag Íslands, Gróður í Landnámi Ingólfs og Bernskuskógar eru meðal þeirra aðila sem hafa lýft grettistaki í umhverfismálum með aðstoð Búnaðarbankans.



AFMÆLISÁR AÐ BAKI -stiklað á stóru

Þrjár viðburðir mörkuðu afmælisár Skógræktarfélag Íslands á þessu ári: hátíðarsamkoma á Þingvöllum 27. júní, Aldamótaskógar sem efnt var til á fimm stöðum á landinu og að síðustu aðalfundur félagsins á Akureyri þann 26.-27. ágúst sl.

Félagið var stofnað á Þingvöllum fyrir 70 árum og þótti því við hæfi að minnst þess með því að efna til samkomu að kveldi dags í Stekkjargjá þar sem boðið var forsvarsaðilum aðildarfélaga, ásamt helstu velunnurum félagsins. Þrátt fyrir slæma veðurspá gengu veðurguðirnir í lið með félaginu og rúmlega 200 gestir sem mættu áttu eftirminnilega stund í stilltu og kyrru veðri í gjánni. Við athöfn í Valhöll síðar um kvöldið bárust félaginu veglegar gjafir í tilefni afmælisins sem munu efla starfsemi þess um ókomin ár.

Ræktun Aldamótaskóga tókst með miklum ágætum og fékk þetta framtak verulega og jákvæða umfjöllun í fjölmiðlum. Víðtæk kynning var um Aldamótaskógana áður en gróðursetningarátakið hófst. Verkefnið var sérstaklega kynnt á fulltrúafundi skógræktarfélaganna í marsmánuði en auk þess var

gefinn út sérstakur „kálfur“ í Morgunblaðinu sem að verulegu leyti fjallaði um verkefnið. Fjöldi fólks lagði fram krafta sína helgina sem megingróðursetningin fór fram, þrátt fyrir verulega samkeppni við ýmsa viðburði í þjóðfélaginu á sama tíma. Fulltrúar helstu fjölmiðla heimsóttu svæðin og gerðu verkefninu ítarleg skil. Talið er að um 800 manns hafi tekið þátt í gróðursetningunni á 6 stöðum á landinu í miklu blíðviðri.

Þann 6. október sl. voru svo síðustu plönturnar í Aldamótaskóga gróðursettar, að Steinsstöðum í Skagafirði. Þar með var markmiði samvinnuverkefnis Búnaðarbankans og Skógræktarfélag Íslands náð, þ.e.a.s. að gróðursetja eina plöntu fyrir hvern núlifandi Íslending. Fjölmarginir aðilar lögðu verkefninu lið með ýmsum hætti en hér gefst því miður ekki tóm til að telja þá upp. Öllum þessum ónefndu aðilum, einstaklingum og fyrirtækjum eru færðar innilegar þakkir.

Aðalfundur félagsins á Akureyri var einnig eftirminnilegur. Félagið veitti þar sérstakar viðurkenningar til fyrirtækja sem hafa um langt árabil stutt félagið; en það eru Búnaðarbanki Íslands hf, Eimskip hf, Bræðurnir Ormsson ehf, Umhverfissjóður verslunarinnar, Toyota - P. Samúelsson ehf. Öll hafa þessi fyrirtæki hvert með sínu sniði lagt

félaginu eða aðildarfélögum þess liðsinni eða styrkt ákveðin verkefni sem annars hefðu ekki orðið að veruleika.

Þá var ákveðið á fundinum að heiðra einstaklinga frá Skógræktarfélagi Eyfirðinga fyrir mikil og góð störf í þágu skógræktar í landinu. Þeir voru: Brynjar Skarphéðinsson, Jón Dalmann Ármannsson og hjónin Davíð Guð-



Evrópukórinn - Raddir Evrópu - syngur undir stjórn Þorgerðar Ingólfssdóttur að lokinni gróðursetningu í Reykholti í Borgarfirði. Kórfélagar tóku virkan þátt í gróðursetningunni. (Mynd JGP)

mundsson og Sigríður Manassesdóttir frá Glæsibæ. Jafnframt voru þrjár félagar gerðir að heiðursfélögum Skógræktarfélag Íslands sem er jafnframt æðsta viðurkenning sem félagið veitir en þeir eru Hulda Valtýsdóttir, fyrrverandi formaður Skógræktarfélag Íslands, Jónas Jónsson, fyrrv. búnaðarmálastjóri og fyrrv. formaður Skógræktarfélag Íslands og Markús Runólfsson þúsundþjalasmiður og form. Skógræktarfélag Rangæinga. Aðalfundurinn hefur sjaldan verið jafn vel sóttur og tókst í alla staði vel enda ekki í kot vísað hvað varðar alla umgjörð og móttökur Skógræktarfélag Eyfirðinga.



Fjölmenni var við gróðursetningu Aldamótaskóganna. Á svæðunum fimm, Reykholti, Barðaströnd, Steinsstöðum, Heydölum og Gaddsstöðum voru gróðursettar alls 281.000 plöntur, eða ein á hvern núlifandi Íslending. Hér er unnið að uppgræðslu og gróðursetningu á Gaddsstöðum á Rangárvöllum. (Mynd BJ)

Mikið starf er framundan, að vinna úr þeim meðbyr sem skógrækt hefur í þjóðfélaginu. Lykillinn að þeirri samstöðu eru öflug skógræktarfélag. Þar hefur almenningur tækifæri á að taka þátt í því ævintýri að leggja því lið og hafa mótandi áhrif á framvindu skógræktar á Íslandi.



Á hverju Aldamótaskógasvæðanna voru gróðursettar 70 stórar plöntur. Ein planta fyrir hvert ár Skógræktarfélag Íslands og um leið ein fyrir hvert ár aðal- styrktaraðila verkefnisins, Búnaðarbanka Íslands, sem sömuleiðis fagnaði 70 ára afmæli sínu.

Hér líta forystumenn verkefnisins í Reykholti upp frá hátíðargróðursetningunni, þeir Guðmundur Þorsteinsson formaður Skógræktarfélag Borgarfjarðar, sr. Geir Waage í Reykholti og Gunnar Már Hauksson fulltrúi Búnaðarbanka Íslands. Þeim til aðstoðar eru ungir og upprennandi skógræktarmenn. (Mynd JGP)



ÚT ER KOMIN BÓKIN ÁSYND EYJAFJARÐAR - SKÓGAR AÐ FORNU OG NÝJU

Í tilefni 70 ára afmælis Skógræktarfélags Eyfirðinga ákvað stjórn þess að ráðast í útgáfu bókar þar sem fjallað yrði um sögu skógræktar í Eyjafirði og starfsemi Skógræktarfélagsins. Bjarni E. Guðleifsson náttúrufræðingur var ráðinn ritstjóri bókarinnar. Fljótlega kom í ljós að þetta yrði umfangsmikið verk og eftir því sem tíminn leið stækkaði bókinn. Í upphafi var ákveðið að vanda vel til verksins og hafa mikið af myndum sem eru lýsandi um árangur skógræktarstarfsins. Ritstjóri myndefnis er Aðalsteinn Svanur Sigfússon, myndlistarmaður og fyrrverandi starfsmaður Skógræktarfélagsins.

Í bókinni er gerð úttekt á þróun skóglendis í Eyjafirði og sagt frá eyfirsukum frumkvöðlum í skógrækt og skógræktartilraun-

um þeirra. Þá er stofnun og saga Skógræktarfélags Eyfirðinga ítarlega rakin og skógarreitum í firðinum lýst og greint frá sögu þeirra. Einnig er fjallað um nytjaskógrækt og skjólbeltarækt. Einstakar trjátegundir fá umfjöllun, greint er frá öllum tegundum trjáa sem vaxa á svæðinu og getið mælinga á hæstu og mestu einstaklingum hvernar tegundar.

Bókin er ætluð bæði fagfólki og áhugafólki um skógrækt, trjárækt og náttúru.

Fjölmargir félagsmenn og velunnarar hafa þegar tryggt sér eintök af bókinni með því að skrá sig á heillaóskalista sem birtur er í bókinni, og sýnir það að áhuginn fyrir útgáfunni er mikill. Þeir sem ekki hafa tryggt sér eintak geta keypt bókina hjá Skógræktarfélagi Eyfirðinga í Kjarna, s: 462-4047.



LAUFBLAÐIÐ

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands. 9. árgangur. 3. tölublað, 2000. Gefið út í 7500 eintökum.

Skógræktarfélag Íslands er samband skógræktarféлага, sem byggja á starfi sjálfbæðaliða. Það er málsvari félaganna og hefur m.a. að markmiði að stuðla að trjá- og skógrækt, gróðurvernd og landgræðslu, auk fræðslu- og leiðbeiningastarfs. Skógræktarfélagin starfa um allt land og eru 59 talsins með liðlega 7000 félagsmenn, og mynda þannig ein fjölmennustu frjálsu félagsamtök landsins sem vinna að umhverfismálum. Með því að gerast félagsmaður í skógræktarfélagi styður þú gott málefni, auk þess að tengjast lífandi félagsskap þar sem fram fer fjölbreytt félags- og fræðslustarf.

Laufblaðið er sent endurgjaldslaust til allra félagsmanna í skógræktarfélagunum. Með því að gerast félagsmaður í skógræktarfélagi færð þú Laufblaðið og Frækornin send heim reglulega.

Útgefandi: Skógræktarfélag Íslands, Ránargötu 18, 101 Reykjavík, sími: 551-8150.

Ritstjóri: Jón Geir Pétursson skógræðingur, netfang: skogis.jpg@simnet.is

Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Ábyrgðarmaður: Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri.

Prentvinnsla: Viðey ehf.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands: Formaður Magnús Jóhannesson, varaformaður Vignir Sveinsson, gjaldkeri Sigríður Jóhannsdóttir, ritari Þorvaldur S. Þorvaldsson, meðstjórnendur: Ólafía Jakobsdóttir, Sigurður Arnarson, Þuríður Ingvadóttir. Varamenn: Hólmfríður Finnbogadóttir, Trausti Tryggvason, Vilhjálmur Lúðvíksson.

Forsíðumynd (JGP): Fallegt blágreni á jörðinni Fjósum í Svartárdal. Þar hefur verið stunduð skógrækt með göðum árangri. Skógræktarsjóður Húnavatnssýslu á jörðina.





ÁSDÍSARLUNDUR Í MIÐFIRÐI

Land Ásdísarlundar var gefið Ungmennasambandi V-Húsvetninga árið 1954 af Eggerti Sigurðssyni bónda á Króksstöðum og Jóhanni Sigvaldasyni á Brekkulæk. Fyrstu árin var mest gróðursett af skógarfuru sem óx misvel og hefur megnið af henni misfarist, líkt og víða annars staðar á landinu. Árið 1979 tók Kvenfélagið lóða við landinu til eignar og umsjónar. Frá árinu 1990 hefur verið unnið í lundinum á hverju ári, mest við endurnýjun girðinga og gróðursetningu.



Húsráðendur á Brekkulæk ásamt orlofsgestum sem unnu í sjálfböðavinnu í Ásdísarlundi í sumar við grisjun og hreinsun. Talið frá vinstri: Friðrik Jóhannsson, Henrike Wappler, Sigurbjörg Harðardóttir, Birgir Örn Viðarsson, Ingibjörg R. Sveinbjarnardóttir, Björgvin Guðmundsson, Kamma Viðarsson, Kristján Þór Steinþórsson.

Ásdísarlundur og umhverfi hans er vel fallið til útivistar, sléttir melar og grónar eyrar Miðfjarðarár. Margir sjálfböðaliðar hafa lagt

hönd á plóginn en frá 1990 hefur umsjón framkvæmda verið í höndum Aðalsteins Helgasonar. Þarna er að vaxa úr grasi falleg-

ur skógarlundur sem vegfarendur í Miðfirði ættu að gefa auga.

VARIST

meðferð elds í skóglendi á vorin.
Brunamálastofnun Ríkisins

HÚSASMÍÐJAN
www.husa.is

FASTEIGNAÞJÓNUSTAN

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

EFNALAUGIN BJÖRG

Ferðaskrifstofa Austurlands

Sími 471 2000 - Fax 471 2414

HAUSTFERÐ SKÓGRÆKTARFÉLAGS GARÐABÆJAR

Árlegur viðburður í starfi félagsins

Laugardaginn 16. september bauð Skógræktarfélag Garðabæjar félagsmönnum til ferðar um skógræktarlönd í Árnassýslu. Fjórutíu manns tóku þátt í ferðinni og var Erla Bil Bjarnardóttir, formaður félagsins, fararstjóri.

Fyrsti viðkomustaður ferðarinnar var Hveragerði, en þar sýndu félagar okkar, hjónin Símon Ólafsson og Kristrún Sigurðardóttir, okkur garð foreldra hans að Hamrafelli. Garðurinn, sem er frá árinu 1937, er stór með athyglisverðum trjám, m.a. er þar stór og krónumikill hlynur og mjög fallegur askur. Næsti viðkomustaður var gróðrarstöð Ólafs Njálssonar að Náthaga í Ölfusi. Ólafur bauð upp á kaffi og sýndi okkur hið fjölskrúðuga trjá- og runnasafn, sem hann er með í ræktun. Síðan ókum við að Geysi í Haukadal og gengum um hverasvæðið. Frá Geysi lá leiðin til Skógræktar ríkisins í Haukadal og gengum við um skóginn undir leiðsögn Böðvars Guðmundssonar skógarráðunauts.

Úr Haukadal ókum við um Lyngdalsheiði til Þingvalla. Í þjónustumiðstöð þjóðgarðsins tók Kristinn Þorsteinsson garðyrkjustjóri Orkuveitu Reykjavíkur á móti okkur ásamt Guðjóni Kristinssyni garðyrkjumanni. Þeir óku með okkur að Úlfjótsvatni og skoðuðum við skógrækt Starfsmannafélags Orkuveitunnar. Þeir Kristinn og Guðjón sýndu okkur hvað er verið að gera varðandi uppbyggingu útivistarsvæða og í skógrækt. Meðal annars hefur garðyrkjustjóri Orkuveitunnar umsjón með Yrkjugróðursetningum barna frá grunnskólum Reykjavíkur. Í lokin bauð Orkuveitan upp á veitingar.

Félagið lagði rútu til ferðarinnar, eins og venja er í haustferðum, og komu þátttakendur heim um klukkan átta um kvöldið, margs fróðari eftir góðan dag.

Sigurður Björnsson
Skógræktarfélagi Garðabæjar



*Kátir félagsmenn undir fallegum aski í Hveragerði.
Mynd: Erla Bil Bjarnardóttir.*



GÍTAR SMÍÐAÐUR ÚR ÍSLENSKUM VIÐI

Viður úr skógum landsmanna hefur lengi verið uppspretta, sem lista- og handverksfólk hefur sótt í og skapað úr nytjamuni og stórfengleg listaverk. Svo virðist sem gróskan í þessari listgrein vaxi í takt við skógana og varla tilviljun að helsti listasmiður okkar er starfandi austur á Fljótsdalshéraði. Hlyn Halldórsson á Miðhúsum þarf vart að kynna. Eftir hann liggja mörg listaverk sem vakið hafa athygli víða. Hlynur á ekki langt að sækja hæfileikana því faðir hans Halldór Sigurðsson var kunnur haglekssmiður.



Hlynur Halldórsson listasmiður frá Miðhúsum með gítarinn góða. (Mynd SA)

Á dögnum fréttist að Hlynur væri búinn að smíða dýrindis gítar úr íslenskum viði og vakti það forvitni Laufblöðungs.


Hvernig vildi það til að þú gerðist hljóðfærasmíður, Hlynur? „Ég var nú búinn að gæla við þessa hugmynd lengi, en það sem ýtti mér á stað var að ég sá ósamsettan gítar hjá Jonna í Barra¹. Mér fannst tréverkið geta verið betra og við ákváðum að gera tilraun með að sníða niður efni úr íslenskum trjám. Ég hafði teikningar til hliðsjónar og Jonni kom með ýmsar tæknilegar útfærslur“.

Hvernig völduð þið efnið í hljóðfærið? „Það er víst þannig með flest strengjahljóðfæri að í hliðarnar og bakið á kassanum er notaður fremur harður viður. Sama á við um hálsinn. Í framhliðina er sóst eftir viði af sitkagreni. Við völdum því að nota íslenskt birki frá Hallormsstað sem harðvið. Það er hins vegar dálítið saga bak við sitkaviðinn sem við notuðum. Þannig var að Fellahreppur keypti fyrir nokkrum árum stórt og mikið sitkagreni hjá Guttormi bónda í Geitagerði og var það jólatré Fellamanna það árið. Höfðu menn á orði að bolurinn væri svo umfangsmikill að stögun trésins væri nær óþörf. Þegar jólahald Fellamanna var afstaðið tóku Héraðsskógamenn tréð, kvistuðu upp bolinn og klufu við merg. Síðan komst viðurinn í mínar hendur og þótti hreint ekki fagur, enda kvistamikill og grófur. Með því að sneiða hjá kvistunum mátti hins vegar ná ágætum borðum, sem vinna mátti úr efni í framhlið gítarkassans. Verkið tók nokkuð langan tíma og við vorum því mjög spenntir að heyra árangurinn. Jonni er mjög ánægður með gítarinn og talar um að hljómurinn sé þroskaður miðað við aldur, en það er víst með góð hljóðfæri eins og ljúffeng rauðvín að hljómurinn þroskast og batnar með aldrinum. Í sama streng taka fleiri sem heyrt hafa gripinn hljóma.

Nú - þetta hefur vakið áhuga margra og útlit er fyrir að framhald verði á, því til stendur að hópur strengjaleikara hittist í Miðhúsum í vetur og taki þátt í að smíða ýmis strengjahljóðfæri og má þar nefna mandólín, jassgítar og bassa. Það er því útlit fyrir að sjá megi til okkar ganga um skóga á Héraði, bankandi í trjáboli til að finna hinn eina sanna tón“, segir Hlynur að lokum.

¹ Jón Kr. Arnarson er framkvæmdastjóri Skógræktarstöðvarinnar Barra hf.

GARÐYRKJUSTJÓRI REYKJAVÍKUR KAUPEFÉLAG SKAGFIRÐINGA FERÐASKRIFSTOFA ÍSLANDS



340 litmyndir
80 skýringamyndir
fjöldi garðteikninga

Bókin um garðinn

Fyrsta íslenska bókin sem fjallar einkum um hönnun garðsins, fjölbreytni í skipulagi og efnisvali. Vegleg bók. 208 síður.

Sendum hvert sem er gegn póstkrofu



Garðyrkjufélag Íslands
Frakkastígur 9, 101 Reykjavík, sími og fax 552 7721



FRÆGJÖF FINNLANDSFORSETA

Í haust sótti forseti Finnlands, frú Tarja Halonen, Ísland heim. Í heimsókninni færði hún íslensku skógræktarfólki höfðinglega gjöf, birkifræ frá Finnlandi. Með gjöfinni fylgdi sá góði hugur að þetta gæti orðið til þess að efla enn tengsl Íslendinga og Finna í skógræktarmálum. Vill Skógræktarfélag Íslands ítreka þakkir sínar fyrir þessa ágætu gjöf.

Þetta fræ er afar áhugavert fyrir skógræktarstarfið hér á landi, en það er af ýmsum uppruna. Tveir fræskammtar voru af hengibjörk (einnig kölluð vörtubirki, *Betula pendula*). Tveir fræskammtar voru af því af-



Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, afhendir forsvarsmönnum Skógræktarfélags Íslands og Skógræktar ríkisins frægjögfrú Törju Halonen, forseta Finnlands. Mynd (JGP)




brigði hengibjarkarinnar sem kallast á norðurlandamálum „masurbjörk“ (*Betula pendula* var. *carelica*), sem er afar verðmætt afbrigði sakir erfðaeiginleika viðarins að vera munstraður. Tveir fræskammtar voru síðan af beinvöxnu afbrigði ilmbjarkar (*Betula pubescens*).

Ætlunin er að ala upp plöntur af þessu fræi og gróðursetja síðan að 2-3 árum liðnum á valda staði.

Hengibjörk í vetrarskrúða í heimkynnum sínum í N-Skandinavíu. Mynd (JGP)

Hengibjörk (*Betula pendula*) er afar áhugaverð trjategund. Ekki er mikil reynsla fengin á notkun hennar hérlandis, en þó eru til nokkrir teigar og einstök tré í landinu. Eitt þeirra er í garði sr. Geirs Waage við prestsbústaðinn í Reykholti í Borgarfirði. Hann gróðursetti tréð fyrir nokkrum árum og hefur það vaxið afar vel og er áberandi beinvaxið og spengilegt. Á myndinni sést sr. Geir við björkina fögru.
Mynd (JGP)



SKÓGARGÖNGUKEMPUR

Í haust stóð Skógræktarfélag Íslands fyrir skógargöngum í samvinnu við Garðyrkjufélag Íslands og Ferðafélag Íslands. Þessar göngur voru hluti af fræðslustarfi skógræktarfélaganna og Búnaðarbanka Íslands. Gengið var um eldri hverfi bæjarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og gömul og söguleg tré skoðuð. Þetta framtak mæltist vel fyrir og voru göngurnar afar vel sóttar.




Skógargöngukempurnar, sem tóku þátt í öllum göngunum í haust fengu að launum fallegar plöntur. Hér eru vinningshafarnir í skógarlundi við Varmá í Mosfellsbæ í lok síðustu göngunnar. Mynd JGP



SÉRFRÆÐINGURINN SVARAR

Í vor héldu Skógræktarfélag Íslands og Skógræktarfélag Suðurnesja ráðstefnu í Stapa í Reykjanesbæ sem nefndist „Skóg- og trjárækt við sjávarsíðuna“. Einn fyrirlesaranna var Þorbergur Hjalti Jónsson skógræðingur, sem hefur rannsakað þessi mál sérstaklega. Leitaði Laufblaðið því til Þorbergs Hjalta um að sitja fyrir svörum og fræða ræktunaráhugafólk að þessu sinni í „Sérfræðingurinn svarar“. Spurningarnar eru:



Saltákoma á Íslandi. Saltákoma er mest þar sem blái liturinn er dekkstur. Á dökkbláa svæðinu er mikil hætt á saltkali og árangur af trjárækt fer mikið eftir skjóli fyrir hafáttinni. Á þessu svæði ræðst vöxtur trjánna fremur af saltákomu vetrarins en sumarhitnum. Annars staðar á landinu (ljósari bláir tónar) skiptir sumarhitinn mestu fyrir trjávöxtinn. Kortið teiknaði Karólína R. Guðmundsdóttir með hliðsjón af korti Freysteins Sigurðssonar í grein Sigurðar Reynis Gíslasonar (1993). Efnifræði úrkomu; jökla, árvatns, stöðuvatna og grunnvatns. Náttúrufræðingurinn, 63(3-4), bls. 219-236.

Á hvern hátt veldur særok skemmdum á trjágróðri og hvað er til varnar?

Í særoki berast smágerðir saltþropar langt inn á land og setjast utan á trjágróður. Saltákoman er mjög háð vindhraða og er mest á veturna, einkum á útmánuðum, en tiltölulega lítil á sumrin, að frátöldum einstaka stórvíðrum. Ákoman dvínar með fjarlægð og hæð yfir sjó. Það er einnig verulegur munur milli landshluta í saltákomu. Saltið berst mest í hvasstri suðvestanátt og í samræmi við það er ákoman mest á Suður- og Vesturlandi að Vestfjörðum meðtöldum. Salt berst mun minna á land á Norðausturlandi og þar gætir áhrifanna lítið er fjær dregur

sjó. Á Suður- og Vesturlandi nær særokið langt inn á land og þar nær það í innsveitir.

Saltið getur skaðað plönturnar á öllum árstímum en vetrarákoman er plöntunum hættulegust hér á landi. Saltþroparnir á yfirborði plantnanna mynda ramma saltlausn og saltið smitar inn í gegnum börkinn á ársprotum síðasta árs. Á veturna virðist salt lítið leita í gegnum börk á stofninum eða gömlum greinum og það er ekki tekið upp í ræturnar svo

nokkru nemi. Þegar hlýnar í lofti á vorin og plönturnar taka að bæra á sér streymir saltið fram í bruminn. Klór er það efni í saltinu sem veldur plöntunum mestum skaða.

Klórinn safnast mest í enda-brumið en þess gætir minna eftir því sem neðar kemur á ársprotann. Það verður til þess að brum á fremri hluta ársprotans laufgast ekki á vorin en brum neðarlega geta laufgast eðlilega. Þetta er nefnt saltkal. Þótt sprotann kali ekki getur klórinn orðið til þess að sprotavöxtur úr enda-

brumi verði hægur og sprotar úr brumum sem neðar sitja ná yfirhöndinni. Allt verður þetta til þess að trén verða tiltölulega lág, krækliótt og bosmamikil þar sem saltákoma er veruleg.

Töluvert salt sest í jarðveginn en það skolest þó tiltölulega fljótt úr honum í rigningatið. Plönturnar taka salt úr jarðveginum á sumrin auk þess sem salt sem sest á blöð og sprota smýgur inn í plöntuna. Þar við bætist sá saltforði sem í plöntunni var eftir veturinn. Klórinn úr saltinu sem berst í blöðin flyst mest út að blaðjaðrinum og þegar líður á sumarið taka blöðin að visna og verpast frá jaðrinum. Þessar skemmdir eru mismiklar eftir trjátegundum.

Í sumarrokum getur saltupptakan verið mikil og skyndileg, enda særast blöðin oft í veðurhamnum. Saltið er þá oft ekki einrátt í skemmdunum en á mikinn þátt í að blöð og óharðnaðir sprotaendar sortna og „kelur“.

Saltskemmdir á sígrænum barrtrjám eru lítið eitt frábrugðnar skemmdum á sumargrænum

lauftrjám sem lýst var hér að ofan. Barrnálnar eru mjög fisknar á saltþropa í loftinu. Hins vegar hlífa þær sprotanum töluvert fyrir saltákomu. Á veturna smýgur saltið inn í nálnar og þegar hlýnar leitar saltið fram í átt að nálarendanum. Það verður til þess að barrnálin visnar frá broddinum. Ef álagið er ekki því meira er nálin oft græn neðst við sprotann. Visnunin verður í fyrstu hlýndum á vorin og er oftast talin stafa af þurranaðingi þótt hann eigi stundum engan þátt í skemmdunum.

Saltskemmdirnar eru mjög háðar ákomu og þær verða fyrst og fremst á þeirri hlið sem snýr að saltveðrinu. Greinarnar skýla hver annarri og það gera trén einnig. Þannig verður skógarjaðar á móti saltátt líkur hallandi þaki. Fremstu trén geta verið lág, krækluð og skemmd en eftir því sem innar kemur í lundinn verða trén stöðugt hærri. Þannig hækkar skógurinn koll af kolli frá jaðrinum. Það kemur einnig fleira til sem hér er of langt mál að lýsa. Eitt er að trén eru líkt og síur á loftið sem á þeim mæðir. Þannig þynnist saltmagnið í loftinu sem geysist framhjá trjátoppunum eftir því sem það fer lengra yfir skóg. Það verður til þess að bæta skilyrðin almennt innar í skóginum. Saltið sem berst í jarðveginn dvínar einnig hratt eftir því sem innar kemur í skógarteiginn.

Það getur verið mjög effitt að koma upp skógi þar sem særok er mikið. Meðan trén eru það smá að þau skýla lítið hvert öðru sest saltið óhindrað á plönturnar nánast á öllu svæðinu. Árlegt og mikið saltkal auk tregs vaxtar vegna saltáhrifa getur orðið til þess að langur tími líði þar til trén ná að skýla hvert öðru þannig að gagni komi. Alvarlegra er að eftir mikið saltkal getur stór hluti trjánna drepist. Þegar til langs tíma er lítið skiptir miklu máli að skóglendi sé sem víðfeðmast. Þá getur innri hluti skógarins náð góðum þroska þótt jaðarinn sé illa farinn og stök tré á opnu landi geti litlum þroska náð.

Í hæfilega stórum skógarjöldum getur verið allt annar heimur. Þar getur saltákoman verið lítil, vindurinn hægur, hitinn tiltölulega hár og skilyrði fyrir menn og gróður hin ákjósanlegustu. Fyrir því má færa rök að hvergi sé mikilvægara að rækta skógarkraga umhverfis þéttbýli, hafa skógarbelti inni í bæjunum og tré við götur en á særökssvæðum. Með því móti vinnst tvennt, það dregur úr vindi í bæjunum, umhverfið verður fegurra og árangur allrar ræktunar batnar.

Hvernig getum við varist saltskemmdum?

Til þess eru tvær meginleiðir, önnur er að rækta saltþolin trjágróður en hin að skýla



plöntunum. Fjórar trjategundir eru mjög saltþolnar þær eru gulvíðir, alaskavíðir, jörfavíðir og sitkagreni. Sumir klónar af alaskaösp eru einnig mjög þolnir, t.d. „Keisari“. Nýr asparklón virðist afburðapólinn og betri en nokkurt tré sem enn hefur verið reynt. Þótt hann lofi góðu er reynslan af honum of stutt til að meta hverjir möguleikar hans verði á særökssvæðum.

Vindhraðinn næst plöntunni ræður miklu um það hve mikið salt fellur á hana. Þannig hefur skjól mikil áhrif á afkomu trjána. Í heimilisgöðum er gott að hafa gisna skjólveggi, byggja utan um trén fyrir veturinn eða vefja þau striga. Það dregur mikið úr saltákomu og upptöku í trén. Á stórum trjám getur það verið ómaksins vert að setja utanum trjátoppinn. Þannig má fá tréð til að vaxa beint og hækka eðlilega þótt hliðargreinar saltkali.

Áburðargjöf og önnur umhirda skiptir trúlega meira máli fyrir árangurinn á særökssvæðum en þar sem salt mæðir minna á plöntunum. Hér skiptir tvennt sköpum, alhliða áburðargjöf og jarðvegsþakning með plasti eða jarðvegsdúk. Þakningin hindrar gras í að vaxa upp að plöntunum. Rannsóknir höfundar í Vestmannaeyjum



Saltkalinn asparsproti. Brumin á fremsta hluta sprotans laufgast ekki. Þau eru lömuð af klóreitrun en ekki dauð. Neðar á sprotanum er lítil klór í brununum og langir sprotar vaxa úr þeim. Ljósmynd ÞHJ.

sýna að án áburðar og þakningar vaxa plönturnar lítið og týna fljótt tölunni, en vaxa margfalt með áburðargjöf og þekju og afar fáar plöntur deyja. Tilbúinn, alhliða áburður skilar mestum árangri.

Í heimilisgöðum ætti að hafa þá reglu að þekja öll runnabeð með jarðvegsdúk og fergja hann með mól eða steinum. Þessi beð geta verið snyrtileg ásýndum og léttu striit af garð-



Saltskemmdir á hlynlaufi. Fyrri myndin er tekin í lok júní en sú síðari í byrjun september. Klór úr salti berst lítið í vaxandi blöð en streymir í fullvaxin blöð og leitar þar mest í blaðjaðrana. Í júní eru engar saltskemmdir komnar fram á hlynlaufinu en þegar líður á sumarið visnar það frá jaðrinum vegna klórskemmda. Ljósmynd ÞHJ.

yrkjumanninum. Samskonar beð ætti að gera umhverfis stök tré og þyrpingar. Það er vanda-laust að bera tilbúinn áburð á þessi beð á vorin.

Á særökssvæðum er því hægt að mæla með að notaðar séu: (1) saltþolnar tegundir, (2) góðar plöntur, (3) bera á plönturnar við gróðursetningu

og helst árlega fyrstu árin þar á eftir, (4) setja jarðvegsdúk eða plast á u.þ.b. eins fermetra blett umhverfis plöntuna og þekja síðan með mól eða steinum, (5) setja grind eða trémeis utanum plöntuna. Ef jarðvegurinn er rýr kann að vera til bóta að nota húsdýraáburð eða mól.



	Víðir innfl. frá Noregi	Alnus + Gegnarar	Samhlj.	Drepar reynivíð	Veiða	Þakibúð	Hrö- vasta trén
				5		→	
Á feti Uppruni stafafura			Óvissa + klaki			→	2
Hina + Hita						↓	
			Framefni Skógarlit				
→						Eininga- kerfi	
Ákerfö	1					Íþróttafélt	3
Sérhl. + Sproti					Guð	Námer + Tvíhlj.	
Ess		Loðvíðir ef + Hádegi					
Frys + Má berða							
A + Góða					Málm	↓	
					Samhlj.		
Sígræna trénu		4					
	1	2	3	4	5		

VERÐLAUNAKROSSGÁTA LAUFBLAÐSINS

Lausnarorð síðustu gátu var „stafafura“ Dregið hefur verið úr réttum lausnum. Vinningshafar eru fimm talsins að þessu sinni og fá þeir sendar Frækornsmöppur að vinningi með öllum útkomum Frækornum. Vinningshafar eru:
 Þorlákur Sigurbjörnsson, Langhúsum, 570 Fljótum
 Laufey Jónsdóttir, Brekkubyggð 65, 210 Garðabæ
 Bylgja Angantýsdóttir, Möbergi, 545 A-Hún
 Sólveig Sigurðardóttir, Garðarsvegi 26, 710 Seyðisfirði
 Sveinbjörn Ólafsson, Álfaskeiði 30, 220 Hafnarfirði
 Réttar lausnir sendist til: Skógræktarfélag Íslands, c/o krossgátan, Ránargata 18, 101 Reykjavík. Ein vegleg verðlaun verða veitt að þessu sinni.



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÁRNESINGA



Í haust kom fram sú hugmynd frá Óskari Þór Sigurðssyni að í Laufblaðinu gætu skógræktarlögin kynnt starfsemi sína, eitt eða fleiri í senn. Þessi hugmynd fékk góðan hljómgrunn og var því ákveðið að hleypa slíkri umfjöllun af stokkunum. Skógræktarfélag Árnesinga ríður á vaðið og hefur Óskar Þór Sigurðsson, formaður þess, tekið saman eftirfarandi grein varðandi tilurð og starf félagsins. Í næsta Laufblaði fær síðan einhver annar formaður lausan tauminn.



Snæfoksstaðir - sumarhúsabyggð. Mynd Örn Óskarsson

Aðdragandi og stofnun félags

Með skógræktarlögunum frá 1940 var Skógræktarfélag Íslands viðurkennt sem sambandsfélag allra skógræktarféлага í landinu og upp frá því var unnið ótullega að stofnun héraðsfélaga. Þetta sama ár varð Skógræktarfélag Íslands 10 ára og af því tilefni var aðalfundurinn haldinn utan Reykjavíkur í fyrsta skipti. Það var á Laugarvatni 29. júní og var Magnús Torfason, fyrrverandi sýslumaður Árnesinga, fundarstjóri. Á fundinum var rætt um nauðsyn þess að auka skógræktarstarfið í Árnæssýslu og bar Hákon Bjarnason skógræktarstjóri fram tillögu um að kjósa nefnd til þess að undirbúa stofnun Skógræktarfélags fyrir Árnæssýslu. Í nefndina voru skipaðir: Einar Pálsson bankastjóri á Selfossi, Guðmundur Ólafsson kennari á Laugarvatni, Jón Ingvarsson vegaverkstjóri á Selfossi, Vernharður Jónsson verslunarmaður á Selfossi og Helgi Kjartansson bóndi í Hvammi í Hrunamannahreppi. Nefndin vann vel að undirbúningi og naut aðstoðar Hákonar Bjarnasonar skógræktarstjóra.

Skógræktarfélag Árnesinga

Skógræktarfélag Árnesinga var stofnað í Tryggvaskála á Selfossi 2. nóvember 1940. Tæplega 80 Árnesingar sóttu stofnfundinn. Fyrstur talaði Hákon Bjarnason. Valtýr Stefánsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, hélt ræðu „sem var skemmtileg, skórulega flutt og ágætlega tekið“.

Skógræktarkvikmyndin „Þú ert móðir vor kær“ var sýnd og frjálssar umræður fóru fram. Á stofnfundinum voru samþykkt lög fyrir félagið og kosnir í stjórn sömu menn og unnu að undirbúningnum. Fyrsti formaður félagsins var Jón Ingvarsson. Ekki hafðist félagið meira að fyrsta árið. Eftir áramótin var hafinn undirbúningur að sumarstarfinu 1941. Tvennt var efst á baugi: Gróðursetning í Laugar-dælavelli og gerð trjágarðs á Selfossi.

Glymskógar

Í ársbyrjun 1939 afhenti Magnús Torfason stjórn Kaupfélags Árnesinga 3000 króna peningagjöf og land til að koma upp samkomusvæði á Laugar-dælavelli. Magnús sá fyrir sér útivistarsvæði umlukið trjágróðri og vonaðist til að þar ríkti glaumur og gleði og vildi að svæðið yrði kallað Glymskógar. Skógræktarfélagið tók við verk efni og fékk þar að-

stöðu fyrir gróðurreit. Með tímanum minnkuðu umsvif félagsins á þessum stað, því stjórn Kaupfélagsins vildi ekki láta landið af hendi.

Tryggvagarður

Árið 1940 bar Guðmundur Marteinson verkfræðingur, stjórnarmaður í Skógræktarfélagi Íslands, fram tillögu um að koma upp trjágarði á Selfossi til minningar um Tryggva Gunnarsson bankastjóra, því senn væru liðin 50 ár frá smíði Ölfúsárbrúar. Skógræktarfélag Árnesinga tók verkið að sér og annaðist uppbyggingu garðsins. Með aðstoð Ólafs Thors atvinnumálaráðherra fékkst 5000 króna fjárveiting í garðinn. Í mörg ár var Tryggvagarður uppeldisstöð Skógræktarfélagsins og fóru plöntur úr honum á marga staði í sýslunni. Tryggvagarður var hátíðasvæði Selfossbúa fram eftir öldinni og staðarþróði. Á aðalfundi félagsins 10. apríl 1954 var samþykkt að afhenda Selfosshreppi Tryggvagarð til eignar og umráða.

Skipulagsbreytingar

Á ellefta starfsári Skógræktarfélagsins var skipulagi þess breytt. Leitað var eftir samstarfi við ungmennafélögin í sýslunni, sem flest höfðu skóg-rækt á stefnuskrá sinni. Fulltrúum þeirra var boðið

á félagsfund 14. apríl 1951. Ólafur Jónsson formaður og Sigurður Eyjólfsson ritari undirbyggju fundinn og fengu til liðs við sig Hákon Bjarnason skógræktarstjóra og Einar G.E. Sæmundsen skógarvörð. Viðstaddir tóku þessari málaleitan vel og vildu ganga til samstarfs við félagið og verða deild í Skógræktarfélagi Árnesinga.

Skógræktardeildir

Fyrsta verkefnið eftir stofnun deildanna var að hlyna að girðingarmálum þeirra. Sú starfsemi tók mikinn fjórkip sumarið 1951. Félagið keypti þá gaddavír, sem talinn var nægja til að girða einn hektara hjá hverri deild. Girðingum var komið upp viðs vegar og árið 1953 voru þær orðnar 15. Auk girðingarefnis var trjáplöntum úthlutað til deildanna. Margar deildir hafa orðið óflug skógræktarfélag. Innan þeirra eru kosnir fulltrúar á aðalfund Skógræktarfélags Árnesinga, einn fyrir hverja 20 félagsmenn. Þeir marka stefnuna og kjósa félaginu stjórn. Aðalfundurinn er haldinn til skiptis í samkomuhúsum héraðsins.



Snæfoksstaðir. Á Skógarhlíðarholti. Mynd Örn Óskarsson

Snæfoksstaðir

Á aðalfundi 1953 var samþykkt að fela stjórninni að útvega hentugt land til skógræktar, sem öll deildarfélagin myndu annast sameiginlega. Það tókst og félagið keypti jörðina Snæfoksstaði í Grímsnesi, sem er 749 ha að stærð. Kaupverðið var 110 þúsund krónur. Til að fjármagna kaupin fékk félagið 80 þúsund krónur að láni hjá Landgræðslusjóði til 10 ára og víxil í Landsbanka Íslands. Aldrei urðu nein vanskil á þessum lánum. Þann 8. júní 1954 var jörðin greidd út í hönd. Þar með eignaðist Skógræktarfélagið eina mestu hlunnindajörð í Árnæssýslu og rekrstrargrundvöllur þess var tryggður um ókomna framtíð. Núna 46 árum síðar er næstum búið að gróðursetja í alla jörðina. Mestu hefur munað um framlag Selfossbæjar, sem styrkt hefur félagið með unglíngavinnu frá 1958 og kostað gróðursetningu í hluta



landsins. Einnig hefur starf deildanna skilað miklu. Tekjur hefur félagið haft af: sölu laxveiðileyfa, leigu sumarhúsalanda, efnissölu til vegagerðar og jólatrjá. Einnig notið gjafa frá einstaklingum og styrkja frá sýslu og sveitarfélögum. Áhersla hefur verið lögð á gróðursetningu, en með hverju ári vex þörfin á grisjun. Aðgengi um Snæfoksstaðaland hefur verið bætt og Selfossbær hefur kostað lagningu göngustíga um elsta hluta skógarins.

Stjórn félagsins

Óskar Þór Sigurðsson formaður, Kjartan Ólafsson varaformaður, Sigríður Sæland ritari, Valgerður Auðunsdóttir og Sigríður Jónsdóttir. Framkvæmdastjóri félagsins er Böðvar Guðmundsson.

Deildir Skógræktarfélag Árneseinga

Skógræktarfélag Hveragerðis:

Félagið var stofnað 15. janúar 1950. Girðing þess er við Hamarinn í Hveragerði og í Fossbrekku ofan við Reykjafoss í landi Garðyrkjuskóla ríkisins. Formaður félagsins er Ingimar Magnússon.

Ungmennafélagið Samhygð, Gaulverjabæjarhreppi: Félagið gekk í Skógræktarfélag Árneseinga 30. september 1951. Girðing þess er í Timburhóli við Gaulverjabæjarveg og heimareitir eru við nokkra bæi. Félagið gróðursetti á Snæfoksstöðum. Formaður er Helgi Stefánsson.

Skógræktarfélag Sandvíkurhrepps: Félagið var stofnað 25. nóvember 1951. Girðingar þess eru í Geirhrauni í landi Litlu-Sandvíkur og Geirakots og Vatnaskógur í landi Byggðarhornis við Votmúlaveg. Félagið gróðursetti í eigin reit á Snæfoksstöðum. Formaður er Hannes Jóhannsson.

Skógræktarfélag Hraungerðishrepps: Félagið var stofnað 3. apríl 1952. Félagsmenn gróðursettu í Hlémrörk í Hraungerðisheiði og í einkareiti. Um skeið gróðursettu þeir á Snæfoksstöðum. Formaður er Jón Ólafsson.

Skógræktarfélag Villingaholtshrepps: Félagið var stofnað 8. apríl 1952. Gróðursett er á Skagási og í heimareiti. Formaður er Þórunn Kristjánsdóttir.

Skógræktarfélag Selfoss: Félagið var stofnað 16. maí 1952. Girðing var á Rauðholti í Selfossbæ til 1970. Þar er nú útivistarsvæðið við Gestshús. Næstu 15 sumur var gróðursett á Snæfoksstöðum og frá 1986 í Hellisskógi vestan Ölfusár, í nýtt útivistarsvæði fyrir Selfoss. Formaður er Ingileif Auðunsdóttir.

Ungmennafélag Laugdæla: Félagið gekk í Skógræktarfélag Árneseinga 1952. Skipulögð trjárækt hófst við bæi í Laugardal 1922. Mest hefur

verið gróðursett í land skólanna á Laugarvatni og í heimareiti. Formaður skógræktardeildar er Pétur Þorvaldsson.

Skógræktarfélag Skeiðamanna: Félagið var stofnað 15. febrúar 1987. Skógrækt hefur verið á stefnuskrá Ungmennafélags Skeiðamanna frá 1909. Ungmennafélagið var í Skógræktarfélaginu frá 1951. Mest hefur verið gróðursett í heimareiti. Skógræktarfélag Árneseinga ýtti úr vör skjólbelta-



Göngustígur á Sauðholti á Snæfoksstöðum. Mynd Óskar Þór Sigurðsson

rækt á Skeiðum. Nú hafa Suðurlandsskógar tekið við verkefninu. Formaður er Valgerður Auðunsdóttir.

Skógræktarfélag Grímsnesinga: Félagið var stofnað 14. janúar 1980. Ungmennafélagið Hvöt var í Skógræktarfélaginu frá 1952. Eitt af markmiðum Ungmennafélagsins frá stofnun 1907 var að hlyna að skógrækt. Gróðursett var í Þrastaskógi, í heimareiti og við félagsheimilið Borg. Formaður er Böðvar Pálsson.

Skógræktarfélag Hrunamanna: Félagið var stofnað 20. febrúar 1986. Ungmennafélag Hrunamanna gekk í Skógræktarfélag Árneseinga 1951. Fyrstu reitir félagsins voru í Hellisholtum við Flúðir og á Álfaskeiði við Syðra-Langholt. Eftir 1971 var gróðursett á Högnastöðum og í heimareiti. Árið 1988 hófst hin svonefnda „Asparáætlun“ að planta stórra ösp meðfram veginum frá Flúðum að Laxárbú með 6 m millibili. Þessu stórvirki lauk s.l. sumar. Nú gróðursetur félagið í Kópsvatnsás og í lystigarðinn á Flúðum. Formaður er Sigríður Jónsdóttir.

Ungmennafélag Ölfusinga: Félagið gekk í Skógræktarfélag Árneseinga 14. apríl 1951. Fyrstu plöntur fékk félagið 1948 í Álfaborgir í landi Hjalla. Víða eru einkareitir við bæi. Garðyrkjuskóli ríkisins á Reykjum hefur um langt árabil unnið skipulega að skógrækt.

Ungmennafélag Gnúpverja: Félagið gekk í Skógræktarfélag Árneseinga 1952. Gróðursetning í Stóra-Núpsgirðinguna

hófst 1944. Allmargir heimareitir eru í hreppnum. Formaður er Oddur Bjarnason.

Ungmennafélag Biskupstungna: Félagið hefur verið í tengslum við Skógræktarfélag Árneseinga frá 1952. Ungmennafélagið girti af land við Vatnsleysu 1909. Fullplantað var þar 1953. Einnig hafa ungmennafélagar gróðursett í Réttarbrekkugirðinguna við Tungnárréttir og í girðingu í landi Skálholts. Í hreppnum eru víða gróskumiklir reitir í eigu einstaklinga.

Formaður skógræktardeildar er Gylfi Haraldsson.

Skógræktarfélag Stokkseyrar:

Félagið var stofnað 15. maí 1977. Ungmennafélag Stokkseyrar gekk í Skógræktarfélag Árneseinga 1952. Gróðursett var við Ásgautsstaðavatn (Svanavatn). Sinueldur grandaði þar öllu 1958. Nokkur sumur eftir að skógræktarfélagið var stofnað fóru félagsmenn að Snæfoksstöðum og plöntuðu þar.

Ungmennafélag Eyrarbakka:

Félagið hafði forgöngu um skógrækt í landi Gamla-Hrauns 1951 til 1956. „Krían“, lista- verk Sigurjóns Ólafssonar, er innan þessa lands.

Skógræktarfélag Miðhúsa: Félagið var stofnað 1982. Gróðursett er í land Miðhúsa í Gnúpverjahreppi, Formaður er Valdimar Braga- son.

Heimildir: Árskógar- Skógræktarfélag Árneseinga 1940-1990 og Ársrit Skógræktarfélag Íslands.



Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu
blaðsins á 70 ára afmæli
Skógræktarfélags Íslands:

Almenna Málflutningsstofan hf
Almiðlun ehf
Beyki hf
Bílaleigan AKA
Bilaverkstæði Guðjóns
Björn & Guðni hf
Blikksmiðja Einars ehf
Borgarbyggð
Bókasafn Héraðsbúa
Bókhalds- og tölvuþjónustan sf
Búnaðarfélag Grímsneshrepps
Búnaðarsamband A-Húnavatnssýslu
Búnaðarsamband Suðurlands
Byggt & Flutt
Dalabyggð
Daltré hf
Fasteignamiðlunin Berg
Ferðaþjónusta bænda Geirlandi
Ferðaþjónusta bænda Stafafelli
Félagsmálaráðuneytið
Flúðafiskur
Framköllunarþjónustan ehf
G.H. verkstæðið
Gagnaeyðing hf
Garðyrkja ehf
Gunnar Hallgrímsson
Haraldur Böðvarsson hf
Hótel Norðurljós
Hreinsunardeild Reykjavíkurborgar
Hugver
Húsvavurkaupstaður Bæjarskrifstofur
Innviðir sf.
Ísefni efnavörur ehf
Jarðefnaíðnaður hf
Jóhanna Sigurðardóttir
Kartöflusalán Svalbarðseyri hf
Knarrareyri hf
Krappi hf
Kynnisferðir sf. ferðaskrifstofa
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri
Langanes hf
Lindin, kristið útvarp Fm:102,9
Meistarafélag húsa miða í Reykjavík
Oliúfélagið Esso
PricewaterhouseCoopers ehf
R Sigmundsson hf
Rafiön
Rafmagnsverkstæðið Neistinn ehf
Raftákn hf
Rafteikning hf
Rakarastofan Neðstatröð 8
Reykjabúið hf
Sementsverksmiðjan
Sígulfjarðarkaupstaður
Sillfurstjarnan hf
Sjafnarblóm
Skjanni hf
Skógræktarfélag Patreksfjarðar
Smith og Norland hf
Snæberg ehf, bifreiðaverkstæði
Sóldekk ehf
Sparisjóðurinn í Keflavík
Sprettur ehf
Starfsmannafélag Ísal
Strengur hf
TF búðin

STAFAFURA Í VONDUM MÁLUM

Það er margt sem getur komið fyrir ungar skógarplöntur, ótímabært frost að vori og hausti, þurrkur, skafrenningur og jafnvel jarðskjálftar!

Myndin er tekin í landi mínu að Skammbeinsstöðum í Holtum eftir jarðskjálftann 17. júní í sumar, en þar hurfu nokkrar trjáplöntur niður í jarðskjálftasprungur.

Sigurður G. Blöndal

Skógræktarfélagi Garðabæjar

Tannlæknastofa Einars Magnúsar
Teiknistofa Ingimundar Sveinssonar
Tiffany's Glerstúdíó
Tónspil
Trésmiðjan Akur
Trésmiðjan Borg hf
Trésmiðjan Eik hf
Tölvuverk hf
VDO Mæla & Barkarviðargerðir

Verkfræðistofa Jóns B Hafsteins
Verkfræðiþjónusta Akraness ehf
Verlunin H Sel
Vestmannaeyjabær
Véltjórafélag Íslands
Vistheimilið Gunnarsholti
Þórshafnarhreppur
Prastarhóll ehf
Ökuskóli S.G. sf

FRÉTTIR FRÁ SKÓGRÆKTARFÉLAGI HEIÐSYNNINGA

Skógræktarfélag Heiðsynninga er fámennit skógræktarfélag á sunnanverðu Snæfellsnesi. En stærðin segir ekki allt um starfsemina. Hér er öflugt starf. Í sumar gróðursetti félagið í Landgræðsluskógagirðinguna í Hrossholti og í Hofstaðaskóg. Hópur frá félaginu gróðursetti einnig í Aldamótaskóginn í Reykholti. Nokkrir félagar fóru í skógræktarferð til Noregs en stærsta verkefni sumarsins var að girða í kringum landgræðslulandið í Hrossholti og var byrjað á að endurnýja alveg girðinguna í kringum Hofstaðaskóg. Á félagssvæðinu er mikill skógræktaráhugi og nokkrir orðnir og að gerast skógarbændur. Þá hefur mikið verið plantað heima við bæi auk þess sem nokkrir bændur eru að rækta skjólbelti.

Daniel Hansen ritari

Þess má geta að Margrét Guðjónsdóttir, formaður Skógræktarfélags Heiðsynninga, er annálaður hagrörðingur. Í eftirminnlegri skógræktarferð til Skotlands um árið var hún þátttakandi ásamt öðrum kunnum hagrörðingi og skógræktarmanni, Hákonni Aðalsteinssyni. Hann og Margrét hafa síðan þá „ljóðað“ nokkrum sinnum hvort á annað og meðal annars á hagrörðingamóti á Akranesi í vetur.



Noregsfarar félagsins, Ólöf Ásmundsdóttir og Helgi Guðjónsson standa aftan við Aðalheiði Helgadóttur vinstra megin og Margrét Guðjónsdóttur, formann Skógræktarfélags Heiðsynninga. Mynd: Daniel Hansen.

Í ferðinni lenti Margrét í því að tapa flugmiðanum til baka. Varð hún þannig viðskila við ferðahópin á flugvællinum í Glasgow á heimleiðinni. Því varð hún með þeim seinustu um borð í vélina. Hákon taldi að Margrét hefði orðið eftir í Skotlandi og var því meira en lítið hissa þegar fyrsta manneskja sem hann sér í Keflavík er Margrét. Þannig varð eftirfarandi staka til:

Margrét nýtti fræðin forn, svo ferðum hennar lyki, eins og gömul galdra-norn, geystist heim á priki.



96 ÁRA VELGJÖRÐARMAÐUR SKÓGRÆKTAR, ANDRÉS GUNNARSSON VÉLSTJÓRI

Fyrir um fjórum árum arfleiddi Andrés Gunnarsson vélstjóri Skógræktarfélag Íslands að eignum sínum að sér gengnum. Með þeim gjörningi er Andrés einn af helstu velgjörðarmönnum skógræktar á Íslandi og



Ættingjar og skyldmenn Andrésar fjölmenntu við gróðursetningu lundarins. Trén voru af ýmsum tegundum, og eiga eftir að prýða umhverfið þegar fram líða stundir. Að lokinni gróðursetningu þáðu gestir veitingar í Höfða, skógarsetri Skógræktarfélags Hafnarfjarðar.

Mynd B.J.

þessi stórmannlega gjöf og ákvörðun kom stjórn félagsins vissulega á óvart. Það traust og sú ábyrgð sem Andrés hefur falið félaginu verður vissulega öxluð og fjármuninum varið af kostgæfni í þágu skógræktar í landinu.

Á 95 ára afmæli Andrésar þann 29. september 1999, fyrir rúmu ári, var ákveðið, í

Formaður Skógræktarfélags Hafnarfjarðar, Hólmfríður Árnadóttir, Andrés Gunnarsson, þá 95 ára, létur í spori, og Magnús Jóhannesson, formaður Skógræktarfélags Íslands. Mynd B.J.

samráði við Skógræktarfélag Hafnarfjarðar, að stofna til lítils skógarlundar og marka hann á táknrænan hátt með þeim fjölda trjáa sem aldur Andrésar segir til um, eða 95 trjám, Gróðursetningin fór fram þann 14. júní sl. að viðstaddri stjórn Skógræktarfélags Íslands ásamt ættingjum og skyldmennum Andrésar. Lundurinn verður í framtíðinni sérstaklega merktur enda liggur hann í alfaraleið og er hluti af útivistarsvæði Hafnirfjörðinga, skammt frá Hvaleyrarvatni.



FRÁBÆR VÖXTUR Á SITKAELRI HJÁ SKÓGRÆKTARFÉLAGI STYKKISHÓLMS

Í sumar var gróðursett á vegum Skógræktarfélags Stykkishólms sitkaelri í svæði félagsins í Grensási, Tíðási og Vatnsdal. Þessar plöntur uxu með ólíkindum vel í sumar og vakti það athygli Trausta Tryggvasonar formanns félagsins hvað þessar plöntur uxu vel í sumar. Eins og sést á myndinni eru plönturnar orðnar 40-50 cm háar í lok fyrsta sumars í þessu rýra og illa gróna landi.

Þessar plöntur voru framleiddar hjá gróðrarstöðinni Barra hf. á Egilsstöðum. Þær voru framleiddar í 40 gata bökkum og aldur þeirra var 1/0 við gróðursetningu. Kvæmið var McKenzie. Þessar plöntur eru úr fyrstu stóru framleiðslueiningunni þar sem beitt er nýrri aðferð við smitun plantnanna í gróðrarstöð. Eins og lesendur þekkja er sambýli við Frankia-geislasvepp skilyrði fyrir því að elrið vaxi og dafni. Misvel hefur geng-

íð að smita plöntur í gróðrarstöðvum en þessi nýja aðferð gengur út á það að rækta smitið í vökvaformi og koma því þannig á plönturnar. Með því móti virðist vera hægt að jafn-smita plönturnar með Frankia-sveppum og fá þannig afar vel stór og vel þroskuð hnýði á plönturnar fyrir gróðursetningu. Þessi smitunaraðferð var þróuð í samstarfi Barra og löntæknistofnunar með þátttöku RSR Mógilsá og Rala. Verkefnið var að hluta til styrkt af Rannís. Alls voru gróðursettar um 60.000 slíkar plöntur á vegum Landgræðsluskógaverkefnisins núna í sumar víðs vegar um land.

Þessi sitkaelriplanta var gróðursett í vor sem lítil planta úr 40 gata bakka. Myndin er tekin síða sumars og eins og sést er vöxturinn frábær. Plantan hefur meira en tvöfaldast í hæð, er byrjuð að greinast og laufið afar þróttmikið. Fróðlegt verður að sjá hvernig þessari plöntu muni reíða af í vetur. Mynd: Trausti Tryggvason.



ÚTTEKT Á ÁRANGRI LANDGRÆÐSLUSKÓGA FRÁBÆR VÖXTUR Í HÓLASKÓGI

Núna í haust hófst vinna við úttekt á gróðursetningum í Landgræðsluskógaverkefninu. Ætlunin er að heimsækja öll svæðin, safna saman upplýsingum um vöxt og viðgang ræktunarinnar auk þess að veita góð



Mynd tekin á sama stað árið 2000. Hér hefur lerkið heldur betur tekið við sér. (JGP)



ráð um frekari framkvæmdir. Búið er að afla litloftmynda af öllum svæðunum og eins voru nokkur svæði heimsótt nú í haust.

Eitt Landgræðsluskógasvæðanna er á Hólum í Hjaltadal. Þar hefur tekist afar vel til við ræktunina. Meðfylgjandi myndir voru teknar með fimm ára millibili, eða árið 1995

og svo aftur núna í sumar. Árangurinn er alveg afskaplega góður eins og sést glögglega á myndinni tekinni á sama stað. Þessi vinna er styrkt sérstaklega af Eimskipafélagi Íslands hf., en fyrirtækið átti afar stóran þátt í því að hleypa verkefninu af stokkunum fyrir 10 árum.

Mynd tekin árið 1995. Hildur Bolladóttir til vinstri og Laufey Erla Jónsdóttir til hægri. (JGP)

Eftirtaldir aðilar styrktu Skógræktarfélag Eyfirðinga við kvöldvöku og hátíðarkvöldverð á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands á Akureyri í ágúst sl.:

- Akureyrarbær
- Alprent
- Bræðurnir Ormsson
- ESSO
- Héraðsnefnd Eyjafjarðar
- Kaupfélag Eyfirðinga
- Kjarnafæði
- Landbúnaðarráðuneytið
- Landsvirkjun
- NORÐLENSKA matborðið
- Sól-Víking
- Sparisjóður Norðlendinga
- STÍLL - Auglýsingastofa og skiltagerð
- Sæplast
- Umhverfiseiðil Akureyrarbæjar
- Útgerðarfélag Akureyringa

Skógræktarfélag Eyfirðinga þakkar veittan stuðning.

GÆÐAMOLD Í GARÐINN

Grjóthreinsuð mold, blönduð áburði, skeljakalki og sandi. Þú sækir eða við sendum. Afgreiðsla á gömlu sorphaugunum í Gufunesi.



GÆÐAMOLD
MOLDARBLANDAN – GÆÐAMOLD HF.
Pöntunarsími 567 4988

ALLT Í GARÐINN

og garðvinnuna






Vantar þig gróðurmold, fræ, áburð, blómapotta, verkfæri, stytur og skraut í garðinn eða eitthvað annað sem snýr að garðyrkju, blóma- eða trjárækt? Hjá FRJÓ færðu mikið úrval af allskonar vörum til garðyrkjustarfa, á frábæru verði.

Við höfum allt sem þú þarft til að prýða garðinn þinn!



FRJÓ ehf.
STÓRHÖFÐA 35, 112 REYKJAVÍK
SÍMI 567 7860, FAX 567 7863



Lykillinn að góðu kvöldi

Skógrækt er landbúnaður

Landbúnaðarráðuneytið er fagraðuneyti skógræktar



Meginhlutverk Landbúnaðarráðuneytisins er að stuðla að þróttmiklum og sjálfbærum landbúnaði og öflugri matvælaframleiðslu til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur.



Viðamikil skógræktarverkefni eru skipulögð í öllum landslutum. Markmið þeirra er meðal annars að klæða landið skógi, framleiða timbur og skapa atvinnu.



Í landinu er stunduð margskonar skógrækt af bændum, áhugamannafélögum, fyrirtækjum og einstaklingum.

Landbúnaðarráðuneytið stuðlar að framgangi þeirra verkefna auk þess sem það vinnur að vernd gróðurhulunnar og uppgræðslu foksvæða.



Skógurinn er auðlind sem mun kalla á ný störf á landsbyggðinni og stuðla að fegurri sveitum.

Landbúnaðarráðuneytið